

Skýrsla framkvæmdastjóra SAM árið 2014

Árið 2014 sinnti SAM sameiginlegum hagsmunamálum afurðastöðva mjólkuriðnaðarins, þar með talið samskiptum við innlenda hagsmunaaðila og við alþjóðleg hagsmunasamtök í mjólkuriðnaði.

FRÆÐSLUNEFND MJÓLKURIÐNARINS

Fræðslunefndar mjólkuriðnarins er skipuð af SAM en verkefni hennar er að kynna mjólkurafurðir, hollustu þeirra og hreinleika. Stjórn SAM skipar fulltrúa í nefndina, þar af einn að fenginni tilnefningu Landssambands Kúabænda. Árið 2014 sátu í nefndinni: Guðni Ágústsson, Björn S Gunnarsson og Baldur Helgi Benjamínsson. Árið 2014 voru verkefni nefndarinnar samstarfssamningar við Beinvernd og Íþróttakennarafélag Íslands.

BÓKHALDS- OG FJÁRMÁL

Auk umsýslu eigin bókhalds annast SAM einnig bókhald fyrir Verðtilfærslusjóð SAM og birtir ársreikning sjóðsins í ársskýrslu SAM. Frá árslokum 2008 hefur starfsmaður SAM einnig annast útreikning launa fyrir Mjólkursamsöluna, ásamt öðrum verkefnum vegna starfsmannahalds Mjólkursamsölnnar.

SKÝRSLUHALD VEGNA MÓTTÉKINNAR MJÓLKUR OG RÁÐSTÖFUNAR HENNAR

Samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands annast SAM mánaðarleg skil á Framleiðslu-, sölu- og birgðaskýrslum fyrir aðildarfélög SAM. Þær upplýsingar sem safnast til félagsins með vinnslu skýrslunnar mynda grunn að tölfræði sem SAM safnar og vinnur fyrir aðildarfélögin. SAM veitir tölfræðiupplýsingar um mjólkuriðnaðinn meðal annars til Hagstofu Íslands og alþjóða mjólkursamtakanna IDF (International Dairy Federation). Þá eru skýrslurnar grunnur fyrir útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum í verðtilfærslusjóði SAM. Ítarlega er fjallað um móttöku mjólkur og ráðstöfun hennar síðar í ársskýrslunni.

SAMTÖK MJÓLKUR- OG KJÖTVINNSLA Á ÍSLANDI

SAM er aðili að Samtökum mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja sem starfa innan Samtaka Iðnaðarins. Framkvæmdastjóri SAM er formaður stjórnar Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja.

ERLEND SAMSKIPTI

Aðalfundur alþjóðlegu mjólkuriðnaðarsamtakanna (IDF) var haldinn í byrjun desember í París. Bjarni Ragnar Brynjólfsson sótti fundinn sem fulltrúi íslenskrar mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaðar.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði eiga einn fulltrúa í íslensku matvælarannsóknarnefndinni sem skipuð er af ráðherra landbúnaðar og sjávarútvegs. Aðrir fulltrúar í nefndinni koma frá Matis, MAST, Keldum, Sýni og MNÍ. Nefndin er íslenski hlut NMKL, sem er samnorrænn félagsskapur sem gefur út rannsóknaraðferðir fyrir matvæli. Fulltrúi SAM í nefndinni er Kristín Halldórsdóttir.

SAM er aðili að norrænu samstarfi mjólkuriðnaðarsamtaka og fyrirtækja um mjólkurgæði, dýraheilbrigði og mjaltatækni (NMSM). Þátttakendur í samstarfinu eru frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi. Markmið samtakanna er að vinna að bættum gæðum hrá mjólkur með sérstakri áherslu á dýraheilbrigði, mjólkurgæði, mjaltatækni og fóðrun. Starfið er unnið í fjórum faglegum nefndum; það er nefnd um heilbrigði dýra, um mjólkurgæði, um mjaltatækni og um fóður. Fulltrúar Íslands í starfinu eru Jón K. Baldursson í gæðahópnum, Jarle Reiersen í dýraheilsuhópnum og Snorri Sigurðsson í tæknihópnum. Ársfundur samtakanna árið 2014 var haldinn í Hamra í Svíþjóð, en næsti ársfundur verður haldinn í Danmörku 9.-11. Júní 2015.